



Ljósmynd/Sigurjón Pétursson

Ævintýrafélagar Hjónin Þóra Hrönn Njálisdóttir og Sigurjón Pétursson í Alaska. Þau ætla að ferðast yfir 3.000 km í fimbulkulda á vélsleðum.

Langt og kalt ferðalag

- Íslensk hjón ætla að taka þátt í vélsleðakeppni um óbyggðir Alaska í vetur
- Leiðin er 3.172 km löng og kuldinn á þessum slóðum um -30°C til -40°C



Eftir Gudna Einarsson
gudni@mbl.is

ÍSLENDINGAR verða í fyrsta sinn meðal keppenda í lengstu og erfiðustu vélsleðakeppni í heimi, The Tesoro Iron Dog Race, sem hefst í Alaska 8. febrúar næstkomandi. Hjónin Þóra Hrönn Njálisdóttir ráðgjafi og Sigurjón Pétursson framkvæmdastjóri ætla þá að aka 3.172 km á vélsleðum um óbyggðir Alaska á aðeins níu dögum. Með þeim í liði verða bræðurnir Will og Wally Smith sem báðir eru búsettir í Alaska. Keppnin hefst í Wasilla, heimabæ Söru Palín, ríkisstjóra Alaska. Frá Wasilla er ekið til Nome við Barentshaf og þaðan til Fairbanks.

Sigurjón og Þóra Hrönn hafa langa reynslu af vélsleðakstri og hafa átt vélsleða frá 1981. Enn lengra er síðan Sigurjón ók fyrst vélsleða. Hann var um tíma formaður Landssambands íslenskra vélsleðamanna. Hjónin hafa farið í margar vélsleðaferðir í útlöndum, m.a. um Klettafjöllin. Þau tóku þátt í árlegri vélsleðaferð frá Tok í Alaska til Dawson City í Kanada 2006 og 2008. Eknir voru um 1.000 km og lá leiðin m.a. um slóðir gullgrafara í Klondike og könnuða norðurslóða á borð við Vilhjálm Stefánsson og Jack London. Þegar þau voru á leiðinni til Tok 2006 sprakk á bílnum hjá þeim. „Par sem við vorum að bisa við

dekkið komu tveir bílar inn á bílastæðið og var sprungið á vél-sleðakerru hjá öðrum þeirra. Við enduðum með að hjálpast að við að skipta um dekk. Þarna kynntumst við bræðrunum Will og Wally Smith. Þetta byrjaði því með tveimur sprungnum dekkjum,“ sagði Sigurjón. Bræðurnir voru einnig í Tok-Dawson-ferðinni og tókust svo góð kynni með þeim og hjónunum að þau ákváðu að mynda lið fyrir Iron Dog-keppnina.

Iron Dog er haldin þremur vikum á undan mikilli hundasleðakeppni sem haldin er árlega í Alaska, Iditarod. Þá keppast menn um að fara sem hraðast frá Anchorage til Nome. Iditarod er haldin til að minnast þess þegar barnaveiki-

faraldur braust út í Nome veturinn 1925 og farið var á hundasleða frá Fairbanks með lyf gegn veikinni. Iron Dog-keppendur fara sömu leið og Iditarod-keppendur og legginn frá Wasilla til Nome að auki.

Lið þeirra Sigurjóns og Þóru Hrönnar keppir í Trail Class-flokki. Markmiðið er að ljúka öllum dag-leiðum, en eknir eru 300-400 km á dag. Í Pro Class keppa liðin um verða fyrst á leiðarenda. Þau aka sömu leið og Trail Class en að auki til Fairbanks. Þóra Hrönn og Sigurjón ætla sömu leið og Pro Class.

„Þetta verður langt og kalt ferðalag. Mikli líkamlegt og ekki síður andlegt álag – þolakstur. Það er ekki margt ungt fólk í keppninni, mest á fertugs- og fimmtugsaldri,“

sagði Sigurjón. Hann sagði að hver dagleið jafngilti því að aka frá Hafnarfirði á Þingvöll, þaðan norður yfir Langjökul, inn á Hveravelli, austur með Hofsjökli norðanverðum að Mývatni og þaðan í Möðrudal. „Svona er keyrt dag eftir dag. Fyrst í fimm daga samfleytt, svo er eins dags hvíld og síðan er keyrt í þrjá daga. Þetta tekur á.“ Leiðin liggur á milli litilla þorpa frumbyggja og veiðimanna. Þar verður hægt að fá eldsneyti og gistingu. Þau hafa með sér tjöld og svefnpoka ef þau skyldu neyðast til að gista í óbyggðum.

Sigurjón sagði að undirbúningurinn hefði verið tímafrekur. Þau hefðu verið duglegt í líkamsrækt til að byggja sig upp en væru lítið farnir að fara á vélsleðum það sem af væri vetri. En hvað um kuldann?

„Maður verður bara að búa sig vel,“ sagði Sigurjón. „Þarna er frostið $30-40^{\circ}\text{C}$ alla daga.“ Sett verða há hlífðargler á sleðana til að draga sem mest úr vindkælingu. Eins þarf að stilla ökuhraðanum í hóf því ef farið er of hratt myndast fljótt kalblettir í andlitinu. Skór og vettlingar eru með hitunarbúnaði. Sigurjón sagði að mikilvægt væri að borða vel og drekka mikið. Ráðlagður dagskammtur af vatni væri um fjórir lítrar á dag.

Lið þeirra Sigurjóns og Þóru er skráð hjá Arctic Cat Racing og leggja þeir til sleða á góðum kjörum. Arctic Cat-vélsleðar hafa unnið flestar Iron Dog-keppnirnar undanfarnar ár. Einnig hefur stoðtækjafyrirtækið Össur útvegað þeim allar spætur, Garmin á Íslandi lætur þau fá leiðsögutæki og 66°N dúnúlpur svo nokkuð sé nefnt.

Frægasti vélsleðakappinn

TODD Palín „First Dude“, eiginmaður Söru Palín, ríkisstjóra Alaska, er líklega frægasti þátttakandi í Iron Dog-keppninni. Hann hefur tekið þátt fimmtán sinnum og sigrað í fjögur skipti. Todd sigraði 2007 og lenti í 4. sæti 2008 ásamt liðsfélaga sínum Scott Davis. Davis hefur verið einn helsti ráðgjafi þeirra Þóru Hrönnar og Sigurjóns við undirbúninginn.

Iron Dog-vélsleðakeppnin var fyrst haldin 1984. Keppt er um peningaverðlaun en ekki síður að ljúka keppninni sem reynir mikið bæði á keppendur og búnað. Í fyrsta skráðu 40 lið sig til keppinnar og tókst 27 liðum að ljúka henni. Keppendum er skipt í tvo flokka, Pro-Class og Trail-Class. Í flokki atvinnumanna (Pro-Class) eru 70 keppendur skráðir nú. Í Trail-Class eru 13 keppendur skráðir og eru þeir allir byrjendur. Í þeim hópi eru þrjár konur, þær einu í keppninni. Langflestir keppenda eru búsettir í Alaska og eru örfáir frá öðrum ríkjum Bandaríkjanna. Þau Þóra Hrönn og Sigurjón eru einu útlendingarnir sem keppa nú. Á þessum árstíma má búast við að hitastigið verði á bilinu -30°C til -45°C á þeim slóðum sem keppnin er haldin.



Todd Palín
vélsleðakappi.

Færri skrá sig án atvinnu

Atvinnuleysi á Suðurnesjum er 9-10%

ATVINNULEYSI á landinu verður líklega nálægt 5% um áramótin, að mati Karls Sigurðssonar, forstöðumanns vinnuáskráningar Vinnuáskráringarinnar. Atvinnuleysið er nú mest á Suðurnesjum og er áætlað að það sé 9-10%.

Hægt hefur á fjölgun atvinnuleysissskráninga síðari hluta desembermánaðar eftir mikla fjölgun fyrst í mánuðinum. Nú hafa innan við hundrað manns bæst við á degi hverjum en þeir voru á þriðja hundrad á dag fyrstu 2-3 daga mánaðarinnar. Atvinnulausum hefur fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu síðustu mánuði. Undanfarna daga hefur þeim einnig verið að fjölga á Norður-, Austur- og Suðurlandi en fjölgunin er eitthvað hægari á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Eftir að fólk hefur skráð sig á atvinnuleysissskrá þarf það að staðfesta atvinnuleit fyrir 25. dag mánaðarinnar. Í gær hófst sjálfvirk afskráning á þeim sem höfðu ekki staðfest atvinnuleit. Reikna má með að margir þeirra skili sér aftur fyrir mánaðamótin. Vefur Vinnuáskráringarinnar lá niðri í gær og því var ekki hægt að lesa þar tölur um sjálfvirka afskráningu á atvinnuleysissskrá.

Mannvirkjagerð hefur skorið sig úr með mikla fjölgun atvinnulausra frá upphafi bankahrunsins. Einnig eru hlutfallslega margir atvinnulausir í iðnaði og ýmsum þjónustugreinum. Nokkur dæmi eru um að uppsagnir hafi gengið til baka. Þá hefur færst í aukana að starfshlutfall sé minnkað í 75% til 50% á mótin atvinnuleysisbótum.

gudni@mbl.is

Blóðsúthellingum mótmælt

ÚTIFUNDUR til að mótmæla blóðsúthellingunum á Gaza verður haldinn á Lækjartorgi í dag kl. 16.

Kröfur dagsins eru: Stöðvið fjöldamorð Ísraelsers á Gaza.

Slítum stjórnmálasambandi við Ísrael.

Ræðumenn verða: María S. Gunnarsdóttir, formaður Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna, Ögmundur Jónasson alþingismaður og sr. Örn Bårdur Jónsson sóknarprestur.

Fundarstjóri: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Fundurinn er undirbúinn af Félaginu Ísland-Palestína með stuðningi fjölmargra félagsamtaka.

Einar Stefánsson hlýtur verðlaun Ásusjóðs

Sturla Friðriksson lætur af formennsku í sjóðstjórn eftir fjörutíu ára starf

EINAR Stefánsson augnlæknir hlýtur heiðursverðlaun verðlaunásjóðs Ásu Guðmundsson Wright fyrir árið 2008. Tilkynt var um úthlutunina við athöfn í gær.

Sturla Friðriksson, formaður stjórnar, sagði að blinda meðal Íslendinga hefði farið mjög minnkandi á síðustu árum og það gerðist varla lengur að Íslendingar yrðu blindir vegna gláku eða sykursýkissemmda í sjónu. Það væri frá bærri starfi íslenskra augnlækna að þakka og ætí Einar Stefánsson mikinn þátt í því.

Einar er meðhöfundur að meira en 130 ritgerðum í ritrýndum vísindatímaritum og höfundur um 400

ritverka og útdráttu um augnlækni-isfræði. Hann er því vel kunnur á alþjóðavettvangi fyrir störf sín.

Einar veitir augnlækningadeild Landspítalans forstöðu og er prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands.

Breytingar verða hjá sjóðnum á komandi ári. Sturla Friðriksson sem hefur verið formaður sjóðstjórnar frá upphafi hyggst hætta í sumar og mun Vísindafélagið þá kjósa nýja stjórn Ásusjóðs. Háskóli Íslands hefur heitið sjóðnum stuðningi við umsýslu fjármála og stefnt er að afhendingu verðlaunanna í hátíðarsal Háskóla Íslands að ári. helgi@mbl.is



Morgunblaðið/Valdís Thor

Heiður Sturla Friðriksson afhendir Einarí Stefánssyni heiðursverðlaun.

Fertugasta úthlutun

Úthlutað var úr verðlaunásjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright í fertugasta sinn í gær. Ása stofnaði hann til minningar um eiginmann sinn, ættingja og aðra venjlaðmann.

Ása fæddist árið 1892. Hún giftist enskum lögmanni, Henry Newcomb Wright. Þau fluttu til Trínidat í Vestur-Índíum og ráku þar plantekru. Þegar Ása seldi búgarðinn lét hún hluta af andvirði hans renna til stofnunar þessa sjóðs.

Alcoa Fjarðaál og HB Grandi mynda nú stuðningssjóð Ásusjóðs og eru bakhjarlar hans.